

Aðalfundur Starfsmannafélags Suðurnesja 16.apríl 2024

Fundur settur kl. 20.05, mættir eru 17 félagsmenn.

Trausti Björgvinsson formaður bauð fundarmenn velkomna og lagði til að Kjartan Fr. Adólfsson yrði fundarstjóri og Jóhanna Andrea Markúsdóttir fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá.

## 1. Skýrsla stjórnar, Trausti Björgvinsson flutti skýrslu stjórnar.

Formaður las skýrslu stjórnar.

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá félaginu. Strax eftir að formaður tók við eftir síðasta aðalfund fór mikill tími í samningaviðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga sem leiddi að lokum til verkfalls hjá hluta af okkar félagsfólki. Trúnaðarmenn félagsins stóðu sig með miklum sóma og héldu utan um verkfallsvörslu með stuðningi félagsmanna. Endaði þetta með að málin leystust farsældlega fyrir alla aðila og lönduðum við nokkuð góðum eins árs samningi fyrir félagsmenn. (Samþykktur með miklum meirihluta félagsmanna).

Kostnaður félagsins vegna verkfallsins var 38.313.371 kr og kemur að sjálfsögðu niður á ársreikningi okkar.

Stjórn STFS hefur frá síðasta aðalfundi haldið 8 stjórnarfundum ásamt einum fund með trúnaðarmönnum og einn upplýsingafund vegna kjarasamninga. Stjórnin kvaddi Ástríði fráfarandi formann og einnig Sigrúnu starfsmann á skrifstofu.

Landsfundur bæjarfélaga var haldinn á Hótel Keflavík dagana 22. og 23. nóvember, fundur þessi er haldin árlega og var komið að okkur að halda fundinn í þetta sinn. Þar voru um 60 manns og frá okkur þrír úr stjórn og tvær frá skrifstofu.

Breyting varð á skrifstofu okkar þar sem Sigrún Björk Sverrisdóttir lét af störfum hjá okkur eftir 10 ára starf og þökkum við henni kærlega fyrir hennar störf fyrir félagið og óskum við henni velfarnaðar. Formaður tók við hennar stöðu á skrifstofunni og er því starfandi í fullu starfi hjá félaginu.

Stjórn STFS tók ákvörðun um að selja orlofshúsið á Spáni og seldist það á árinu og var það selt á 130.000 evrur. (Greitt hefur verið fyrir það inná orlofsreikning félagsins eftir áramót). Einnig var ákveðið að lýsa áhuga á að losa okkur við einn bústað í Munaðarnesi en ekkert hefur gengið í þeim málum. Þælingin er sú að þegar tekist hefur að selja hann að skoða kaup á öðrum bústað á Suðurlandinu. (Flúðir eða þar nærri.)

Á Efri Reykjum þurftum við að fara í framkvæmdir vegna rotþróar en komin er ný þró þar.

Í Seljahlíðinni á Akureyri var farið í framkvæmdir og skipt um tvær útidyrhurðar, anddyrið tekið og þvottahús.

Kjaraviðræður hafa verið á fullu hjá okkur og vinnum við að nýjum kjarasamningi með öðrum bæjarfélögum í samstarfi með BSRB sem hefur samningsumboð fyrir okkar hönd. Því miður er staða þannig að ekki er hægt að setja neitt eins og er, annað enn að samskonar samningur er á borðinu og ASÍ landaði fyrir sína félagsmenn fyrir um tveimur mánuðum síðan.

Fundir eru planaðir með sambandinu í þessari viku og vonumst við að það fari að stytast í að við getum gengið frá fjögurra ára samningi fyrir okkar fólk.

Karvel Granz kom með spurningu um undanþágu vegna verkfalls í maí/júní 2023. Velti einnig fyrir sér hvort fækkun væri í félaginu vegna dræmrar mætingu á aðalfund. Trausti svaraði að fundur var auglýstur í Víkurfréttum, Facebook síðu og síðu stjórnar. Vekja þarf betri athygli á facebook síðu félagsins. Spurt var af hverju sumarhúsið á Spáni var selt, Trausti svaraði mikill kostnaður, mikill pappírsvinna og önnur félög eru að koma sér út úr þessu á Spáni.

## 2. Reikningar félagsins.

Lilja Karlsdóttir frá KPMG fór yfir ársskýrslu.

Ársreikningur kominn inn á heimasíðu STFS.

Ársskýrsla samþykkt.

## 3. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar.

## 4. Kosning stjórnar.

Í framboði til stjórnar voru Anna Steinarsdóttir og Guðrún Skagfjörð Sigurðardóttir.

Engin önnur framboð bárust til stjórnar og eru þær því sjálfkjörnar.

Varastjórn til 1.árs verða: Guðný Ólöf Gunnarsdóttir og Hrönn Ágústadóttir.

## 5. Kosning skoðunarmanna reikninga skv. 6.grein laga félagsins til eins árs.

Skoðunarmenn reikninga verða:

Hrafnhildur H. Ólafsdóttir og Ragnhildur Ævarsdóttir

## 6. Kosning nefnda í eitt ár.

### Uppstillinganefnd:

Ástdís M. Óskarsdóttir, Ingibjörg Samúelsdóttir og vara Kristjana Ósk Hjaltadóttir.

### Orlofsnefnd:

Guðrún Skagfjörð, Helga Birna Rúnarsdóttir og vara Ester Sigurjónsdóttir

### Starfsmenntunarsjóður:

Ásdís M. Óskarsdóttir og Ingibjörg Samúelsdóttir.

## 7. Ákvörðun félagsgjalda:

Samþykkt að hafa félagsgjöldin óbreytt.

## 8. Kosning fulltrúa á þing BSRB .

Því er vísað til stjórnar.

## 9. Önnur mál:

Nýtt á aðalfundi. Boðið er uppá happdrætti. Í verðlaun eru 3 vinningar. Gjafabréf á Hótel KEF 1. Vinningur 3 rétta máltíð, 2. vinningur 10 þúsund gjafabréf á KEF, 3.vinningur 5 þúsund gjafabréf á KEF

Elísabet hefur spurningu varðandi orlofsmál. Þeir sem eru hættir að vinna eiga ekki kost á að leigja sér hús. Komast ekki inn á Frímenn allt lokað það og eiga fullt af punktum, þurfa að koma á skrifstofu til að fá orlofshúsin leigð. Stjórnin mun skoðar hvort hægt sé að breyta þessu fyrirkomulagi. Get sótt um orlofshúsin utan orlofstímabils.

Karvel tók til máls varðandi það að starfandi stjórn núna sé fyrsta stjórn í mörg ár sem eru engir yfirmenn, einungis starfsmenn og hrósaði því. Því var velt fyrir sér hvort gera ætti lagabreytingu varðandi þetta. Stjórnarmenn eiga ekki að hafa mannaforræði, þeir geta lent beggja vegna borðs.

Trausti þakkaði Birnu og Jenný fráfarandi skoðunarmönnum reikninga kærlega fyrir starf þeirra.

Fundi slitið

**Jóhanna Andrea Markúsdóttir ritaði fundargerð.**